

Ársskýrsla

Skólaárið 2005—2006

Skólaskrifstofa Austurlands





Ársskýrsla

Skólaárið 2005—2006

Skólaskrifstofa Austurlands

Aðalfundur, Reyðarfirði 13.10. 2006

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Starfmannahald	6
Þjónustusvæði	7
Samantekt sérfræðimála fyrir árið 2005—2006	9
Endurmenntun, ráðstefnur og fræðslufundir	13
Ýmis verkefni	15
Lokaorð	16



Inngangur

Þetta er 10. ársskýrsla Skólaskrifstofu Austurlands sem tók formlega til starfa 1. ágúst 1996 og hefur því starfað í tíu skólaár. Skrifstofan er byggðasamlag 8 sveitarfélaga á Austurlandi (voru 22) frá Djúpavogshreppi í suðri til Vopnafjarðarhrepps í norðri. Grunnskólanemendur á svæði skrifstofunnar voru 1492 (sbr. íbúatölur Hagstofu Íslands frá 1. desember 2005) í 15 skólum skólaárið 2005 – 2006.

Æðsta vald byggðasamlagsins er í höndum aðalfundar. Hann sitja fulltrúar aðildarsveitarfélaganna með atkvæðavægi sem hér segir:

<u>Fjöldi íbúa</u>	<u>Fj. fltr.</u>	<u>Viðbót</u>	<u>Vægi atkv.</u>
0 - 200	1		= 1
201 - 550	1	+ 1	= 2
551 - 900	1	+ 2	= 3
901 - 1250	1	+ 3	= 4
1251 - 1600	1	+ 4	= 5
1601 - 1950	1	+ 5	= 6
1951 - 2300	1	+ 6	= 7
2301 - 2650	1	+ 7	= 8
2651 - 3000	1	+ 8	= 9
3001 - 3350	1	+ 9	= 10 o.s.frv.

Aðalfundur kýs fimm manna stjórn og jafnmarga til vara. Stjórnin veitir stofnuninni faglega forstöðu og hefur eftirlit með starfsemi hennar.

Starfsemi skrifstofunnar byggir á samningi byggðasamlagsins, lögum um grunnskóla nr. 66/1995, 42. og 43. grein sem fjalla um sérfræðiþjónustu grunnskóla, reglugerð nr. 386/1999 um sérfræðiþjónustu skóla og reglugerð nr. 905/2003 um breytingu á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1999.

Helstu verkefni skrifstofunnar eru samkvæmt samningi:

Almenn og greinabundin kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og sálfræðiþjónusta við grunnskóla.

Rekstur og umsjón kennslugagnamiðstöðvar, ráðgjöf um uppbyggingu og starfrækslu skólasafna sbr. 54. gr. grunnskólalaga.

Símenntun kennara, nýbreytni og þróunarstörf.

Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og samtaka þeirra, menntamálaráðuneytis og annarra opinberra aðila.

Launaútreikningur fyrir öll sveitarfélög á starfssvæði skrifstofunnar skv. nánari útfærslu þar um.

Önnur mál, sem aðalfundur eða stjórn vísa til skrifstofunnar.

Ráðgjöf í deilumálum eftir því sem við á og vísað er til skrifstofunnar.

Ráðgjöf vegna eftirlits með framkvæmd grunnskólalaga.

Ráðgjöf og sálfræðiþjónusta við leikskóla sem reknir eru af aðildarsveitarfélögum.

Annað, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Skólaskrifstofa Austurlands er fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir eigendur sína þ.e. sveitarfélögin og hefur fyrir þeirra hönd yfirumsjón með ýmsum þáttum í starfi grunn- og leikskóla, þ.e. greiningu, ráðgjöf og sálfræðiþjónusta. Skrifstofan hefur einnig skyldur gagnvart öllum þeim sem tengjast starfi grunnskólanna á svæðinu eins og skólastjórnendum, kennurum, forráðamönnum nemenda og nemendum. Upplýsingagjöf til þessara aðila er því mikilvægur þáttur í starfi þeirra sem vinna hjá skrifstofunni.

Á skólaárinu var framhaldið ýmsum verkefnum sem unnið hefur verið að undanfarin ár.

Skýrslan byggir á starfseminni skólaárið 2005 – 2006 og skiptist í eftirtalda efnisþætti:

Starfsmannahald
Þjónustusvæði
Sérfræðiþjónusta
Endurmenntun, fræðslufundir og námskeið
Ýmis verkefni
Lokaorð

Í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands sem kosin var á aðalfundi á Reyðarfirði þann 14. október 2005 hafa setið:

Formaður:	Jósef Friðriksson Austurbyggð
Varaformaður:	Edda Egilsdóttir Fljótsdalshéraði
Ritari:	Jón Halldór Guðmundsson Seyðisfirði Halldóra Árnadóttir Vopnafirði Jón Björn Hákonarson Fjarðabyggð
Til vara:	Gunnlaugur Sverrisson Fjarðabyggð Kristjana Björnsdóttir Borgarfjarðarhreppi Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir Djúpavogshreppi Sigfríður Þorsteinsdóttir Breiðdalshreppi Práinn Lárusson Fljótsdalshéraði

Stjórnin hélt fimm fundi á starfsárinu.



Starfsmannahald 2005—2006

Nokkrar breytingar urðu á starfsliði Skólaskrifstofu Austurlands í byrjun þessa skólaárs 2005-2006. Starfsmenn voru:

Aðalheiður Jónsdóttir sálfræðingur 100% starfshlutfall. Hennar starfssvæði í vetur var Breiðdalshreppur, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Djúpvogur, Norðfjörður, Seyðisfjörður, Stöðvarfjörður og Vopnafjörður.

Gíslunn Jóhannsdóttir ritari 60% starfshlutfall. Hún sinnti útláni kennslugagna og ýmsum skrifstofustörfum.

Karen Júlía Sigurðardóttir sálfræðingur kom aftur til starfa úr barnsburðarleyfi 15. september 2005 í 90% starfshlutfall. Hennar starfssvæði var Bakkafjörður, Borgarfjörður, Mjóifjörður, Reyðarfjörður, Egilsstaðir, Hallormsstaður, Fellabær og Brúarás auk þjónustu við Félagsþjónustu Fjarðabyggðar.

Kristín Guðmundsdóttir atferlisfræðingur 100% starfshlutfall. Hún sinnti ráðgjöf við skipulagningu á námi nemenda með frávík, sem þurfa á einstaklingsnámskrá að halda, ráðgjöf vegna nemenda með hegðunarvandkvæði auk skimunar og greiningu í stærðfræði (Talnalykill). Hún hætti störfum um áramót 2005-2006.

Ruth Magnúsdóttir kennsluráðgjafi kom úr barnsburðarleyfi 1. desember 2005. Hún sinnti almennri kennsluráðgjöf við starfandi kennara og ráðgjöf varðandi kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál.

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Hann sinnti stjórnun, ráðgjöf, fjárreiðum, launaútreikningum og ýmsum upplýsingum um skólastarf.

Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir kennsluráðgjafi 90% starfshlutfall. Auk almennrar kennsluráðgjafar sinnti hún greiningu og ráðgjöf í lestri. Hún hefur yfirumsjón með sérfræðiþjónustu Skólaskrifstofu Austurlands.

Ólafía Þórunn Stefánsdóttir kennsluráðgjafi kom aftur til starfa 15. febrúar 2005 í 50% stöðuhlutfall. Hún kom í 100% stöðuhlutfall 1. júní 2005. Hún sinnti almennri kennsluráðgjöf og greiningu í lestri og stærðfræði.



Aðrir starfsmenn:

Ásdís Sigurjónsdóttir iðjupjálfi er í 10% starfshlutfalli.

Skólaskrifstofan hefur heimild fyrir 1½ stöðu sálfræðings og selur Félagsþjónustu Fjarðabyggðar ½ stöðu sálfræðings.


Þjónustuvæði

Á þjónustuvæði skrifstofunnar voru 9.739 íbúar 1. desember 1995. Af þeim voru 1.675 á grunnskólaaldri eða 17,20% af íbúafjöldanum. Þann 1. desember 2005 voru íbúar á svæðinu 11.512 og grunnskólanemendur 1467. Skeggjastaðahreppur gekk úr byggðasamlaginu um rekstur Skólaskrifstofunnar um áramótin 2005—2006.







Fjöldi grunnskólanema m.v. Hagstofutölur 1. des. 2005



Fjöldi leikskólabarna eftir sveitarfélögum um áramótin 2005 - 2006 skv. upplýsingum frá leikskólunum





Samantekt sérfræðimála fyrir árið 2005-2006


Starfssvið sérfræðinga

Starfsemi sérfræðipjónustunnar byggir á grunnskólalögum og reglugerð um sérfræðipjónustu grunnskóla. Leikskólar fá einnig ráðgjöf og sálfræðipjónustu frá sérfræðipjónustunni. Þjónustan felst í sálfræðiráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, almennri kennsluráðgjöf og ráðgjöf vegna nemenda með íslensku sem annað mál. Skólaskrifstofan hefur fyrir utan fast starfslið aðgang að ráðgjöf hjá iðjupjálfa, talmeinafræðingi og námsráðgjafa. Unnið er eftir tilvísunarbeiðnum. Tilvísanir sem bárust til skrifstofunnar á síðastliðnu skólaári voru rúmlega 300 talsins. Ein beiðni getur náð til allt að þriggja sérfræðinga stofnunarinnar.

Sálfræðingar

Starf sálfræðinganna felst m.a í greiningu og ráðgjöf vegna námserfiðleika, hegðunar- og tilfinningavandamála. Þar að auki sitja sálfræðingar oft fundi í nemendaverndarráðum grunnskólanna.


Alls sinntu sálfræðingarnir 158 börnum úr leik- og grunnskólum á skólaárinu 2005-2006. Þar af er vinnsla 100 mála lokið, en 58 voru enn í vinnslu við lok skólaárs og 40 börn voru á biðlista. Samtals barst 131 beiðni um aðstoð sálfræðinga skólaárið 2005-2006.





Kennsluráðgjafar

Starfssvið kennsluráðgjafa felst m.a í að aðstoða kennara (leik- og grunnskólakennara) vegna samskipta vandamála, handleiðslu vegna nemenda með sérþarfir, greiningu á lestrar- og stafsetningarferfiðleikum og ráðgjöf varðandi kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Nokkrar breytingar voru í mannahaldi kennsluráðgjafa á síðasta skólaári. Kennsluráðgjafar sinntu 167 málum á skólaárinu. Þar af eru 31 mál í vinnslu og 29 mál í bið. 148 tilvísanir komu inn á borð kennsluráðgjafa á skólaárinu.



Sálfræðingar og kennsluráðgjafar koma oft á teymisfundum sem haldnir eru vegna nemenda með þroskafrávik eða hegðunarvandamál.

Hluti af biðlistanum hjá sálfræðingum og kennsluráðgjöfum eru tilvísanir sem bárust eftir að skóla lauk í vor og sumar.

Talmeinafræðingur

Skrifstofan hafði ekki aðgang að talmeinafræðingi skólaárið 2005-2006. Halldóra Baldursdóttir talmeinafræðingur gaf ekki kost á greiningu og ráðgjöf þetta árið. Skólaskrifstofan fékk Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing hjá Talþjálfun Reykjavíkur til að koma eina ferð austur eina viku í febrúar og veitti hún greiningu og ráðgjöf vegna 17 barna úr 10 leik- og grunnskólum. Alls bárust á milli 30- 40 tilvísanir á árinu vegna talmeina.

Námsráðgjöf stóð þeim skólum til boða sem ekki hafa aðgang að námsráðgjafa. 4 skólar fengu heimsókn námsráðgjafa. Ráðgjöfin sem veitt var í skólunum var bæði einstaklings- og hópráðgjöf fyrir nemendur og foreldra.

Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir námsráðgjafi sinnti þessari ráðgjöf á skólaárinu 2005-2006.

Leikskóli:

Skimunarprófið HLJÓM–2 er lagt fyrir elstu nemendurnar í leikskólum að hausti og aftur í febrúar. HLJÓM–2 er könnun á mál- og hljóðkerfisvitund leikskólabarna. Skólaskrifstofan fær að fylgjast með frammistöðu nemenda og leggur fyrir nemendur málþroskapróf ef niðurstaðan úr Hljóm-2 er slök. Í nokkrum skólum hafa kennsluráðgjafar hjálpað til við að leggja prófið fyrir.


Grunnskóli:

Samkvæmt breytingu á reglugerð um sérfræðipjónustu skóla nr. 386/1996 skal fylgjast reglulega með framförum í lestri og brugðist við vanda sem upp kemur jafnóðum allt til loka grunnskólans. Sérfræðipjónustan skal aðstoða skóla við greiningu lestrarerfiðleika og veita kennurum ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við.

LÆSI- lestrarskimun er lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Skólaskrifstofan fylgist með frammistöðu nemenda og leggur til greiningu og ráðgjöf í framhaldi af því, ef þörf krefur. Læsi hefur verið lagt fyrir í umdæminu frá árinu 1999. Allir skólar leggja það fyrir og árangurinn hefur smám saman verið að stíga upp á við þ.e. kennarar eru orðnir meðvitaðri um hvaða þættir það eru sem eru nauðsynlegt að leggja áherslu á í byrjendakennslunni til að draga úr lestrarerfiðleikum.


Skólaárið 2001-2002 var tekið saman hversu hátt hlutfall nemenda í nokkrum skólum á svæðinu næði 65% atriða rétt. Hér á eftir verður gerður samanburður á niðurstöðum lestrarskimunar úr 11 skólum árið 2001-2002 og skólaárið 2005-2006 bæði í 1. og 2. bekk.

1.bekkur 2. hefti





2.bekkur 2. hefti



GRP 14 (greinandi lestrar- og stafsetningarpróf) er lagt fyrir alla nemendur í 9. bekk. Ef fram koma vísbendingar um lestrarörðugleika (umskráningarörðugleika) þá er nemendum boðið upp á einstaklingsgreiningu og fara því flestir nemendur með lestrargreiningu í framhaldsskólann. Nemendur hafa þá fengið staðfestingu á lestrarerfiðleikum sínum og geta fengið ýmsan stuðning þegar í framhaldsskóla kemur.

Stærðfræðiskimun með Talnalykli fer fram í 3. og 6. bekk í flestum skólum og kennsluráðgjafar aðstoða skóla við það.

Endurmenntun, ráðstefnur og fræðslufundir



Á svæði Skólaskrifstofu Austurlands hefur Skólaskrifstofan haft frumkvæði að námskeiðahaldi í samvinnu við skólastjórnendur undanfarin ár. Þátttaka á námskeiðum hefur verið mjög góð. Brýnt er að halda áfram á svipaðri braut í endurmenntunarmálum þ.e. að hafa sameiginleg sumarnámskeið þó svo að einstakir skólar hafi styttri námskeið og fræðslufundi inni í skólunum á skólatíma.

Menntamálaráðuneytið auglýsti styrki úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til endurmenntunar í desember með umsóknarfresti til 28. febrúar. Alls bárust umsóknir frá 48 aðilum til 126 verkefnis. Til úthlutunar voru rúmlega 20 milljónir króna.

Sjóðstjórn ákvað fyrir árið 2006 að veita styrki til 112 verkefna. Stjórn sjóðsins ákvað auk þess að leggja til 3ja milljón króna styrk til verkefnis Olweusar gegn einelti.

Skólaskrifstofa Austurlands sótti um styrki að upphæð kr. 1.543.500,- í sex verkefni og hlaut styrki í þau öll, samtals kr. 859.800,-

Skólaskrifstofan hafði samstarf við, Kennaraháskóla Íslands og fleiri aðila um framkvæmd námskeiðanna.

Eftirfarandi námskeið hlutu styrki úr Endurmenntunarsjóði:

Lífsleikni - Lions Quiest

Tími: 12.-14. júní

Staður: Grunnskólinn á Egilsstöðum

Kennarar: Aldís Yngvadóttir og Erla Kristjánsdóttir

Námstækni og kennsluáferðir

Tími: 15. júní

Staður: Grunnskóli Eskifjarðar

Leiðbeinendur: Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir og

Jarþrúður Ólafsdóttir

Kennsla nemenda með íslensku sem annað móðurmál

19. og 20. júní

Staður: Grunnskólinn á Egilsstöðum

Leiðbeinendur: Ruth Magnúsdóttir og Hulda Karen

Daníelsdóttir

Myndlist - vídeógerð

22. og 23. júní

Staður: Vegahúsið Egilsstöðum

Leiðbeinandi: Kristín Scheving

Fjölgreinanám

10. ágúst

Staður: Safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju

Leiðbeinandi: Sveinn Alfredsson

Einstaklingsmiðað nám í blönduðum bekk

15. - 16. ágúst

Staður: Grunnskólinn á Egilsstöðum

Leiðbeinendur: Ingvar Sigurgeirsson, Gunnar Börkur Jónasson, Hlín Helga Pálsóttir o.fl.

Nýsköpunarmennt í skólastarfi

11. og 12. ágúst

Staður: Egilsstaðir

Leiðbeinendur: Gísli Þorsteinsson og Svanborg

R. Jónsdóttir

Þetta námskeið var haldið í samstarfi við Félag íslenskra kennara í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt (FÍKNF).





Skólaskrifstofan hlutaðist til um eftirfarandi námskeið:

- Námskeið um NUMICON stærðfræðigögn, leiðbeinendur Ruth Atkinson og Kristín Wallis.
- Fræðslufund með starfsfólki leikskóla á Austurlandi, Dalborg Eskifirði og Sólvöllum Neskaupstað, 24. maí 2006 um málefni nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Lestrarnámskeið: leiðbeinandi, Helga Sigurjónsdóttir.
- Skipulagning fræðslu í samstarfi við forvarnarverkefnið “Blátt áfram” á Seyðisfirði, Neskaupstað, Reyðarfirði, Fellabæ, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík.
- Fræðslufund á vegum Skólaskrifstofu og Alþjóðahúss um skólastarf í fjölmenningu umhverfi sem haldinn var á Reyðarfirði.
- Kynningarfund um Olweusarverkefnið gegn einelti, haldinn á Egilsstöðum.

Starfsfólk skrifstofunnar sótti ýmsa fræðslufundi á starfsárinu s.s.

- Móðurmál er máttur, Háskóli Íslands 17. mars 2006, (öll gögn sótt af neti).
- Að sá lífefldu fræi, ráðstefna um einstaklingsmiðun í námi, Akureyri, 21.-22. apríl 2006.
- Um einelti, fyrirlestur Vöndu Sigurgeirsdóttur í Grunnskólanum á Egilsstöðum og Eiðum 19. apríl 2006.
- Nýir straumar í kennslu annars tungumáls, 11.maí 2006, vefsíónvarp KHÍ.
- Námskeið fyrir kennara sem kenna fullorðnum nýbúum íslensku. Haldið hjá FNA 6-7. júní. Leiðbeinendur: Sólborg Jónsdóttir, Þorbjörg Halldórsdóttir kennarar hjá Mími og Sigrún Jóhannesdóttir kennslufræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- “Þjóð gegn þunglyndi” sem haldið var á Eskifirði.
- Siðareglunámskeið sem haldið var af Sálfræðingafélagi Íslands í Reykjavík.
- Málþing á Egilsstöðum „Áhyggjulaust ævikvöld og heilbrigð æska”.
- Vorfundur starfsfólks á skólaskrifstofum haldinn í Reykjanesbæ í maí.

Fræðslufundir og þátttaka í verkefnum

Sérfræðingar skrifstofunnar héldu ýmiss konar fræðslufundi fyrir foreldra og kennara á síðastliðnu skólaári t.d.:

- Þrjú fræðsluerindi á skólafærninámskeiði sem haldið er ár hvert í Nesskóla fyrir foreldra nemenda 1. bekkjar í september (um samskipti og hegðun, uppeldi skól barna og lestrarþróun)
- Námsmat og námsmatsaðferðir, dagsnámskeið fyrir kennara og starfsfólk skóla.
- Samskiptamótun og hlutverk foreldra í að byggja upp jákvæð samskipti,
- Að byggja upp árangursríka uppeldisfærni
- Foreldrar og einelti
- Líðan á vinnustað
- Fræðslufund um athyglisbrest með/án ofvirkni og þroskaraskanir á einhverfurófi fyrir kennara í Verkmenntaskóla Austurlands
- Fræðslufundir um tilfinninga- og hegðunarraskanir barna, haldnir í Grunnskóla Eskifjarðar og í leikskólanum Dalborg Eskifirði.

Ýmis verkefni

Umsjón með verkefnum:

Skólaskrifstofan hafði umsjón með skipulagningu og framkvæmd *Stóru Upplestrarkeppninnar* á starfssvæði skrifstofunnar. Í því fólst m.a. formennska í héraðsnefnd keppninnar, samskipti við undirbúningsnefnd keppninnar og skipulagning og framkvæmd lokahátíða í fjórðungnum.

Tengiliður við starfshóp um málefni innflytjenda á Austurlandi á vegum SSA.

Þátttakandi og fagleg ráðgjöf í starfshópi á vegum Fjarðabyggðar sem mótaði tillögur að stefnu sveitarfélagsins í málum sem snéru að nemendum með íslensku sem annað tungumál.



Skrifstofan hefur verið tengiliður skóla og Sambands íslenskra sveitafélaga um varðskipti og ferðir grunnskólanema. Auk þess að vera tengiliður í mörgum fleiri verkefnum.

Ýmis fleiri verkefni stór og smá koma inn á borð skrifstofunnar sem ekki verða tíunduð sérstaklega hér í skýrslunni.



Lokaorð

Hér að framan hefur verið farið yfir helstu atriði í starfssemi Skólaskrifstofunnar skólaárið 2005—2006.

Eins og fyrri starfsár hafa verkefni verið mörg og margvísleg. Forvarnarstarf hverskonar er ríkur þáttur í starfsemi skrifstofunnar. Álag á starfsmenn skrifstofunnar er oft mikið og krefjandi. Sýnu mest er það þó á sálfræðinga skrifstofunnar en eftirspurn eftir þjónustu þeirra virðist vera vaxandi með hverju árinu sem líður. Biðlistar myndast sem hægt gengur að vinna niður. Til samanburðar má nefna að í Reykjavík eru nú um 925 börn á hvert stöðugildi sálfræðings meðan um 1400 börn eru á hvert stöðugildi sálfræðings hér hjá okkur. Þetta eitt skýrir að nokkru leyti mikið álag á sálfræðiþjónustuna. Ekki er þó einfalt að benda á eina ástæðu fremur en aðra. Aukin þjónusta við nemendur á flestum sviðum á þó eflaust sinn þátt í þessu. Þetta endurspeglar jafnframt kröfuna um mjög aukna þjónustu skóla.

Einstaklingsmiðun og fjölbreyttir kennsluhættir eru sífellt meira áberandi í skólastarfi. Þó svo að skólar hafi sífellt reynt að mæta nemendum á þeirra eigin forsendum má telja fullvíst að sjaldan hafi það verið gert á eins markvissan hátt og nú. Margt kemur til en sú mikla umræða og almenn áhersla á einstaklinginn í samfélaginu á sinn þátt í því.

Eins og getið er um í kaflanum um endurmenntun stóð Skólaskrifstofan fyrir sérstaklega vel heppnuðu tveggja daga námskeiði undir heitinu „**Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttir kennsluhættir – námsmat**“, í ágúst. Þar mættu 148 kennarar sem verður að teljast afar glæsilegt og undirstrikar það sem áður var sagt um áhersluna á einstaklinginn. Á námskeiðinu voru 6 málstofur og 12 kynningar frá austfirskum skólum. Það er skemmst frá því að segja að þær kynningar voru mjög áhugaverðar og sýndu hversu gott starf er unnið í skólum á Austurlandi. Jafnframt sýnir hin góða þátttaka í endurmenntunarnámskeiðum mikinn metnað starfsfólks skóla í starfi.

Aðstoð við skóla vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku er mjög brýnt verkefni hjá Skólaskrifstofunni. Samfélagið er sífellt fjölmenningalegra og þurfa allir í samfélaginu að taka þátt í þeirri breytingu. Þar má ekki gleyma þeim mikilvæga þætti að ekki er nóg að fólk sem kýs að lifa með okkur, lagi sig að okkar háttum og aðstæðum, heldur verðum við líka að setja okkur inn í þeirra menningu. Við þurfum að tryggja þau mikilvægu réttindi að fólk með annað móðurmál en íslensku skilji það sem fer fram í skólunum, frá upphafi skólagöngu barna þeirra. Það er hægt að gera með því að hafa aðgang að túlkajónustu.

Grunnskólalögin eru og hafa verið í endurskoðun sem miðast að breyttum kennsluháttum og ábyrgð sveitarfélaga á rekstri hans. Nú hafa verið boðaðar breytingar sem hnykkja frekar á valdsviði og ábyrgð sveitarfélaga. Þá er tilveruréttur sjálfstætt rekinna grunnskóla festur í sessi. Sveitarstjórnar- og fræðslunefndarfólk þarf að vera vel meðvitað um þær breytingar sem eiga sér stað á grunnskólalögnum á hverjum tíma.

Að lokum vill undirritaður þakka öllum, fyrir hönd stjórnar- og starfsfólks Skólaskrifstofu Austurlands ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Jafnframt þakkar undirritaður starfsfólki vel unnin störf og stjórn ánægjulegt samstarf.

Reyðarfirði 13. október 2006
Sígurbjörn Marinósson



Skólaskrifstofa Austurlands
Búðareyri 4
730 Reyðarfjörður

☎: 474 1211

🖨: 474 1311

✉: skolaust@skolaust.is

💻: www.skolaust.is

